

Fundargerð

Framhaldsaðalfundur Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness fór fram í Valhúsaskóla, mánudaginn 20. mars. Fundinn sóttu 17 manns en fundurinn fór svohljóðandi.

Kjörinn fundarstjóri:
Sveinbjörn Björnson.

Kjörinn fundarritari:
Gísli Már Árnason.

Skýrsla stjórnar:

Farið var yfir liðið starfsár en á árinu voru haldnir 7 félagsfundir, fella þurfti niður námskeið vegna lélegrar þátttöku. Fundargestum voru kynntar breytingar sem hafa staðið yfir að undanförunu uppi í hvolfþaki en þeim breytingum með bættu aðgengi á að ljúka 24. mars næstkomandi. Stefnt er að formlegri vígslu opnun, 12. apríl. Skýrsla var samþykkt af fundargestum.

Ársreikningar kynntir:

Fyrst var borinn upp ársreikningur fyrir árið 2015. Þorsteinn Sæmundsson tekur til máls og rekur sína aðkomu að ársreikningi 2015. Þorsteinn vill fá nánari skýringar á tveggja milljóna króna styrk til Stjórnufræðivefsins. Gísli Már Árnason ritari, tók til máls og leggur fram kvittaða yfirlýsingu frá stjórn þess efnis að styrkveitingin var samþykkt á stjórnarfundi og borin upp á aðalfundi, 25. janúar 2015 þar sem ritara misförst að færa styrkveitinguna inn í aðalfundargerð 2015. Guðni Sigurðsson tekur til máls og rekur sína aðkomu að reikningi og ástæðu þess að hann sagði af sér sem skoðunarmaður reikninga. Sindri Steingrímsson tók til máls og bað fundargesti að koma með málefnalegar spurningar og svör en bendir á að ekkert komi fram sem er óeðlilegt varðandi reikninga félagsins og spyr um hvað sé verið að kíta. Ársreikningur fyrir árið 2015 var samþykktur með 12 atkvæðum, 3 á móti og einn sat hjá.

Ársreikningur fyrir árið 2016 var þá borinn upp til samþykktar og var samþykktur með 15 atkvæðum, einn sat hjá.

Fyrirspurn kom um að hafa reikninga félagsins aðgengilega á netinu og var það samþykkt

Árgjald:

Árgjald helst óbreytt 2500kr. Óskar torfi kom með tillögu um að ekki ætti að senda greiðsluseðla fyrir árgjaldi þar sem langt er liðið á starfsárið. Tillagan var felld með 15 atkvæðum, einn sat hjá.

Starfsnefndir:

Aðeins ein starfsnefnd er starfandi en það er afmælisnefnd sem var sett á laggirnar á 40 ára afmæli félagsins. Nefndin stóð að afmælisfundi og stendur fyrir ljósmyndanámskeiði sem stendur fram á vor.

Kjör stjórnar:

Sævar Helgi Bragason gefur ekki kost áfram til formennsku. Snævarr Guðmundsson gefur kost á sér og er kosinn einróma.

Óskar Torfi Viggóson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem gjaldkeri. Þórir Már Jónsson býður sig fram og er kjörinn einróma.

Gísli Már Árnason gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem ritari. Sigríður Kristjánsdóttir gefur kost á sér og er kjörinn einróma.

Hermann Hafsteinsson gefur ekki kost á sér sem meðstjórnandi, Björn Jónsson býður sig fram og er kjörinn einróma.

Kristján Heiðberg gefur kost á sér sem meðstjórnandi og er kjörinn til áframhaldandi setu í stjórn einróma.

Stjórnina skipa þá:

Snævarr Guðmundsson, formaður.
Þórir Már Jónson, gjaldkeri.
Sigríður Kristjánsdóttir, ritari.
Kristján Heiðberg, meðstjórnandi.
Björn Jónson, meðstjórnandi.

Skoðunarmaður reikninga:

Undanfarin ár hefur Guðni Sigurðsson verið skipaður í það sæti en hann gefur ekki kost á sér að sinni.
Enginn bauð sig fram sem skoðunarmann reikninga en stjórnin þarf að finna skoðunarmann á starfsárinu.

Starfsnefndir:

Enginn starfsnefnd var ákveðin á fundinum.

Breytingar á starfsreglum:

Engar breytingar verða gerðar að sinni.

Önnur mál:

Sævar Helgi kom með tillögu um að SSFS myndi greiða innflutningskostnað eða styrkja kaup Snævarrs Guðmundssonar á sjónaukabúnaði sem hann er að koma upp á Höfn í Hornafirði. Einhverja hluta vegna var ekki kosið um þá tillögu þar sem Þorsteinn Sæmundsson tók til máls og sagði að Snævarr myndi ekki vilja styrk.
Tillagan er borin til stjórnar og tekur hún ákvörðun um tillögunu.

Sindri Steingrímsson fær orðið og rifjar upp starf félagsins undanfarin ár og þau verkefni sem félagið hefur staðið fyrir í þágu menntunar og útbreiðslu og miðlun vísinda. Fundargestir þakka fráfarandi stjórn með lófaklappi.

Fundi slitið.